



Auglýsing um framlög til verkefna á sviði almenningsamgangna

Innviðaráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð A.10 *Almenningsamgöngur á milli byggða*. Markmiðið er að styðja við áframhaldandi þróun almenningsamgangna milli byggða, m.a. til að tengja ýmsa sérakstursþjónustu við almenningsamgöngur.

Til ráðstöfunar verða allt að 27 milljónir kr. Styrkupp hæð getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefni.

Í forgangi verða verkefni sem styðja við þróun leiðarkerfis, m.a. með samþættingu við aðra þjónustu eða breytingum á rekstrarformi.

Veitt verða framlög til verkefna:

- Sem nýtast einstökum svæðum, s.s. atvinnu- og þjónustusóknarsvæði.
- Sem nýtast landshlutanum í heild.
- Sem nýtast landinu öllu.

Við forgangsröðun umsókna verður litið til verkefna sem styðja við eftirtalin atriði:

- Búa til eða tengja leiðarkerfi við núverandi samgöngunet og styðja þannig við skóla-, þjónustu- og atvinnusókn milli byggða.
- Auka möguleika ungs fólks á dreifbýlum svæðum til að sækja íþrótta- og menningarstarfsemi.
- Byggðasjónarmið og áherslur sem fram koma í [stefnumótandi byggðaáætlun](#).
- [Ferðumst saman](#). Heildarstefna í almenningsamgöngum milli byggða.
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi svæðis eða landshluta.

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir miðnætti mánudaginn 5. maí 2025.

Þriggja manna valnefnd gerir tillögur til ráðherra um veitingu framlaga til verkefna á grundvelli úthlutunarskilmála. Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í júní 2025.

Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.